



Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði. (329. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að Alþingi álykti um stuðning ríkisstjórnarinnar við tiltekin sveitarfélag.*

Að mati Viðskiptaráðs ætti ríkissjóður sem og sveitarfélög að halda að sér höndum í fjárútlátum vegna þess verðbólguástands sem nú ríkir. Fjárhagslegt aðhald hefur ekki verið í hávegum haft hjá hinu opinbera, en útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga hafa nær haldist í hendur við þá tekjuaukning sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Mikilvægt er að grunnstoðir hagkerfisins séu samstíga í aðgerðum sínum og að almenn starfsemi og sértækar aðgerðir hins opinbera stuðli að sem mestu efnahagslegu jafnvægi. Þannig þurfa fjármál hins opinbera að vinna kerfisbundið gegn sveiflum og styrkja sameiginlega ábyrgð Seðlabankans og stjórnvalda á verðbólguþrögnunum.

Það væri ennfremur rétt að mati Viðskiptaráðs að kanna til hlítar áhuga einkaaðila á því að eiga og/eða reka umrætt fyrirtæki. Það liggur fyrir að verkefni af þessu tagi er fjármagnsfræk og engin ástæða til að láta hinn almenna skattborgara standa undir slíkum kostnaði ef einkaaðilar eru tilbúnir að taka hann á sig með von um viðunandi arð.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs